

Mánudaginn 24. september 1945.

Kærumálið nr. 7/1945. Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f.
gegn

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Synjun framhaldsfrests í máli.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp af Hannesi Guðmundssyni, fulltrúa bæjarfógetans á Siglufirði.

Í kærumáli þessu, sem hæstarétti hefur verið sent með bréfi bæjarfógeta Siglufjarðar, dags. 27. júní 1945 og hingað komnu 3. júlí þ. á., hefur sóknaraðili kært úrskurð, kveðinn upp í bæjarþingi Siglufjarðar 22. júní þ. á., þar sem sóknaraðilja er synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Hæstarétti hafa ekki borizt neinar kröfur eða greinargerð frá sóknaraðilja, en ætla verður, að hann áfrýji úrskurðinum í því skyni að fá framhaldsfrest þann, sem héraðsdómari hefur neitað honum um.

Varnaraðili gerir þær kröfur, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja gert að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann. Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Það athugast, að héraðsdómari hefur ekki sent hæstarétti eftirrit úr þingbók um þinghöld málsins.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Tunnuverksmiðja Siglufjarðar s/f, greiði varnaraðilja, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Siglufjarðar 22. júní 1945.

Mál þetta hefur Jón Jóhannesson málflutningsmaður, Siglufirði, höfðað fyrir hönd rikissjóðs fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 2% 1945, gegn Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f hér í bæ.

Gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefnt samvinnufélag verði dæmt til þess að greiða sér f. h. rikissjóðs kr. 267638.34 með 6% árvöxtum af kr. 152735.25 frá 1% 1944, af kr. 4835.37 frá 3½% 1944 og af kr. 110067.52 frá 2% 1944, allt til greiðsludags, og málskostnað eftir framlögðum reikningi, til vara eftir mati réttarins.

Hið stefnda samvinnufélag krefst sýknu og málskostnaðar. Við þingfestingu málsins 26. apríl s. l. óskuðu umboðsmenn stefnda eftir 4 mánaða fresti til samningar greinargerðar og gagnaöflunar, sérstaklega til þess að útvega sönnunargögn frá framkvæmdarstjóra fyrirtækisins, Þorkatli Clementz, sem dvelur í Svipjóð.

Með úrskurði, uppkveðnum í bæjarþingi Siglufjarðar 2. maí s. l., var stefnda veittur 7 vikna frestur. Úrskurði þessum skaut stefnandi til hæstaréttar, sem staðfesti úrskurðinn. Við þinghald málsins í gær óskaði umboðsmaður stefnda eftir framhaldsfresti til framlagningar greinargerðar og gagnaöflunar, en framkvæmdarstjóri fyrirtækisins er í Svipjóð, og hafði hann sent dómaranum símskeyti, þar sem hann kveðst hafa mikilsverðar upplýsingar að gefa í málinu, en hann komi ekki fyrr en í ágúst til landsins, og krefst stefndi því frests til 6. september n. k. til öflunar þessara gagna, sem framkvæmdarstjóri stefnda hafi, en stefndi ekki sjálfur.

Stefnandi mótmælir frestinum og telur hann óþarfan þegar af þeirri ástæðu, að framlögð gögn af sinni hálfu sanni dómkröfu sína, hvað sem upplýsingum framkvæmdarstjóra stefnda liði.

Að vísu væri nokkur ástæða til þess að veita stefnda umbeðinn framhaldsfrest, þegar svo sérstaklega stendur á, að framkvæmdarstjóra stefnda, er ælta má, að málinu sé kunnugri en stefndi, er utanlands, en kemur heim innan þess tíma, er frests er krafizt, en þar sem framkvæmdarstjóri stefnda tilnefnir ekki, hverra gagna hann ætli að afla við heimkomu sína og leggja fram, verður eigi fyrir fram séð, að frests sé beiðzt til þess að afla þeirra gagna, er hnekkt gæti dómkröfunni, en að geta þess var framkvæmdarstjóra stefnda innan handar, ef málefni stóðu til.

Verður því að telja, að gegn eindregnum mótmælum stefnanda verði umbeðinn framhaldsfrestur ekki veittur til öflunar gagna, sem eigi er vitað um, að þýðingu hafi fyrir málsúrslit, þótt kæmu

Fyrir því úrskurðast:

Hinn umbeðni framhaldsfrestur skal eigi veittur.